

## AUGLÝSING

### um breytingar á stofnsamningi Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu.

Hinn 20. ágúst 2012 var aðalframkvæmdastjóra Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu afhent staðfestingarskjal Íslands vegna breytinga á 1. og 18. gr. stofnsamnings Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu frá 29. maí 1990 sem samþykktar voru af bankaráði Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu 30. september 2011, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 2/1991, þar sem samningurinn er birtur, nr. 4/1991, nr. 23/2004 og nr. 25/2006. Breyting á 1. gr. samningsins öðlaðist gildi 12. september 2013 og breyting á 18. gr. samningsins öðlaðist gildi 22. ágúst 2012.

Breytingarnar eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utánríkisráðuneytinu, 9. desember 2021.*

F. h. r.

**Martin Eyjólfsson.**

---

*Anna Jóhannsdóttir.*

**Fylgiskjal.****BREYTINGAR  
á stofnsamningi  
Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu.**

1. gr. stofnsamnings bankans breytist og verði svohljóðandi (nýr texti er skáletraður):

1. gr.  
*Markmið.*

Við framlag sitt til efnahagslegra framfara og endurreisnar skal markmið bankans vera að hlyna að umskiptum í átt að opnu markaðshagkerfi, og hvetja til frumkvæðis einstaklinga og sjálfstæðra atvinnurekenda í þeim ríkjum Mið- og Austur-Evrópu sem gengist hafa undir og framkvæma meginreglur um fjölflokkalýðræði, fjölræði og markaðshagkerfi. Ennfremur er heimilt að vinna að markmiði bankans í *Mongólíu og í aðildarríkjum við suður- og austurhluta Miðjarðarhafs með sömu skilyrðum, samkvæmt ákvörðun bankans á grundvelli atkvæðagreiðslu þar sem eigi færri en tveir þriðju hlutar bankaráðsmanna greiða atkvæði með ákvörðuninni, sem eru fulltrúar a.m.k. þriggja fjórðu hluta af heildaratkvæðamagni aðilanna*. Samkvæmt því skal sérhver tilvísun í samningi þessum og viðaukum við hann til „ríkja Mið- og Austur-Evrópu“, „ríkja frá Mið- og Austur- Evrópu“, „viðtökuríkis (eða viðtökuríkja)“ eða „eignaraðila sem er(u) viðtökuríki“ *ennig talin fela í sér tilvísun til Mongólíu og hvers slíks ríkis við suður- og austurhluta Miðjarðarhafs.*

18. gr. stofnsamnings bankans skal breytt og skal orðast svo (nýr texti skáletraður):

18.gr.  
*Sér sjóðir.*

1.
  - i. Bankinn getur tekið að sér að sjá um sér sjóði sem ætlað er að stuðla að markmiðum hans og starfa innan starfssviðs hans *í viðtökuríkjum og löndum sem kunna að verða viðtökuríki*. Allur kostnaður sem hlýst af umsjón með slíkum sjóðum skal færður til gjalda hjá þeim sjóði sem í hlut á.
  - ii. *Bankaráðið getur, í þágu markmiða (i)-liðar, að beiðni aðila sem er ekki viðtökuríki, ákveðið að slíkur aðili fullnægi skilyrðum til að verða viðtökuríki og ákveðið að slíkur aðili uppfylli skilyrði þess að vera mögulegt viðtökuríki í þann takmarkaða tíma eða samkvæmt þeim skilyrðum sem ráðlagt kann að vera að setja. Slík ákvörðun skal tekin með atkvæðagreiðslu þar sem eigi færri en tveir þriðju bankaráðsmanna, sem koma fram fyrir hönd a.m.k. þriggja fjórðu hluta af heildar atkvæðamagni aðilanna greiða atkvæði með ákvörðuninni.*
  - ii. *Ákvörðun um að heimila aðila að teljast vera viðtökuríki má einungis taka ef slíkur aðili getur uppfyllt þær kröfur sem þarf til að verða viðtökuríki. Þær kröfur eru settar fram í 1. gr. samnings þessa, eins og hún stendur hverju sinni þegar slík ákvörðun er tekin eða eins og hún stendur við gildistöku breytingar sem þegar hefur verið samþykkt af bankaráðinu á þeim tíma sem slík ákvörðun er tekin.*
  - iv. *Ef mögulegt viðtökuríki hefur ekki orðið viðtökuríki við lok þess tímabils sem getið er um í (ii)-lið, getur bankinn frá þeim tíma hætt allri sérstakri starfsemi í því ríki, að undanskilinni sölu, vernd og varðveislu eigna sér sjóðsins og til að mæta þeim skuldbindingum sem risið hafa í tengslum við hann.*
2. Sér sjóði sem bankinn tekur við má nota á hvern þann hátt og með hverjum þeim kjörum og skilyrðum sem samræmast markmiðum og hlutverki bankans, öðrum ákvæðum samnings þessa sem við eiga, og samningi þeim eða samningum sem um slíka sjóði fjalla.
3. Bankinn skal setja sér þær reglur og samþykktir sem þörf kann að vera á vegna stofnunar, umsjónar og nýtingar hvers sér sjóðs. Reglur þessar og samþykktir skulu vera í samræmi við ákvæði samnings þessa, önnur en þau sem tekið er fram að gildi aðeins um almenna starfsemi bankans.

**AMENDMENTS**  
**TO THE AGREEMENT ESTABLISHING**  
**THE EUROPEAN BANK FOR RECONSTRUCTION AND DEVELOPMENT**

Article 1 of the Agreement Establishing the Bank shall be amended to read as follows (new text in italics):

Article 1

*Purpose*

In contributing to economic progress and reconstruction, the purpose of the Bank shall be to foster the transition towards open market-oriented economies and to promote private and entrepreneurial initiative in the Central and Eastern European countries committed to and applying the principles of multiparty democracy, pluralism and market economics. *Subject to the same conditions, the purpose of the Bank may also be carried out in Mongolia and in member countries of the Southern and Eastern Mediterranean as determined by the Bank upon the affirmative vote of not less than two-thirds of the Governors, representing not less than three-fourths of the total voting power of the members.* Accordingly, any reference in this Agreement and its annexes to “Central and Eastern European countries”, “countries from Central and Eastern Europe”, “recipient country (or countries)” or “recipient member country (or countries)” shall refer to Mongolia *and each of such countries of the Southern and Eastern Mediterranean as well.*

Article 18 of the Agreement Establishing the Bank shall be amended to read as follows (new text in italics):

Article 18

*Special funds*

1.
  - i. The Bank may accept the administration of Special Funds which are designed to serve the purpose and come within the functions of the Bank *in its recipient countries and potential recipient countries*. The full cost of administering any such Special Fund shall be charged to that Special Fund.
  - ii. *For the purposes of subparagraph (i), the Board of Governors may, at the request of a member which is not a recipient country, decide that such member qualifies as a potential recipient country for such limited period and under such terms as may seem advisable. Such decision shall be taken by the affirmative vote of not less than two-thirds of the Governors, representing not less than three-fourths of the total voting power of the members.*
  - iii. *The decision to allow a member to qualify as a potential recipient country can only be made if such member is able to meet the requirements for becoming a recipient country. Such requirements are those set out in Article 1 of this Agreement, as it reads at the time of such decision or as it will read upon the entry into force of an amendment that has already been approved by the Board of Governors at the time of such decision.*
  - iv. *If a potential recipient country has not become a recipient country at the end of the period referred to in subparagraph (ii), the Bank shall forthwith cease any special operations in that country, except those incident to the orderly realisation, conservation and preservation of the assets of the Special Fund and settlement of obligations that have arisen in connection therewith.*
2. Special Funds accepted by the Bank may be used *in its recipient countries and potential recipient countries* in any manner and on any terms and conditions consistent with the purpose and functions of the Bank, with the other applicable provisions of this Agreement, and with the agreement or agreements relating to such Funds.
3. The Bank shall adopt such rules and regulations as may be required for the establishment, administration and use of each Special Fund. Such rules and regulations shall be consistent with

Nr. 92

9. desember 2021

the provisions of this Agreement, except for those provisions expressly applicable only to ordinary operations of the Bank.

---

C-deild – Útgáfud.: 15. nóvember 2022